



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áhrif borgarlínu á Hverfisgötu (US210346).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. nóvember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, ásamt greinargerð:

Lagt er til að skipulags- og samgöngusvið kanni áhrif á verslun og aðra rekstraraðila ef almenn umferð um Hverfisgötu verði hverfandi með tilkomu borgarlínu.

Samgöngustjóra verði falið að leiða þessa vinnu og skila niðurstöðum til skipulags- og samgönguráðs fyrir 15. febrúar 2022.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 1. desember 2021.

Umsögn:

Af hálfu skrifstofunnar er ekki gerð athugasemd við að áhrif fyrirhugaðra breytinga á verslun og aðra rekstraraðila verði könnuð en þó er gerð athugasemd við það að draga Hverfisgötuna sérstaklega út í því samhengi. Sambærilegar erlendar kannanir hafa alla jafna leitt í ljós að rekstraraðilar ofmeti mikilvægi bílastæða í nágrenni við verslanir sínar en vanmeti mikilvægi almenningssamgangna, hjóla- og gönguleiða, með tilliti til hlutfalls viðskiptavina sem nýta hvern samgöngumáta. Lögð er áhersla á að um fremur umfangsmikið og flókið verkefni er að ræða og að vanda þurfi til verka til að tryggja áreiðanlegar niðurstöður. Verkefnið er af því tagi að leita þyrfti til utanaðkomandi ráðgjafa vegna aðferðarfræði og framkvæmdar könnunarinnar.

Beðist er afsökunar á því að dregist hafi að skila inn umsögn við tillögunni.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri